



HANDRIT LÓÐS

Visioning Assembly

Fundarkerfi: Agora, www.agora.is

1. Notað HÁSTAFI á öll gögn
2. Nýta hugarflugið, allir komi með sínar skoðanir
3. Sýna hvert öðru virðingu og kurteisi
4. Tala ekki of lengi í einu svo aðrir komist að
5. Biðja um aðstoð ef með þarf
6. Virða tímasætningar og verklag

Meginviðmið lóðsa

Þessi handbók kynnir hugmyndafræðina og leiðbeiningar sem notast er við á fundinum. Fundarkerfið byggir á sömu hugmyndafræði og notuð var á Þjóðfundum 2009 og 2010 en þessi útgáfa gengur út á að ljúka afurð með meira stefnumótandi niðurstöðum.

Allir þátttakendur koma á fundinn sem einstaklingar.

Í upphafi fundar:

- Gakktu úr skugga um að efni fyrsta hluta sé til staðar á viðkomandi borði - öll önnur gögn verða í kassa undir borðinu, flokkuð eftir fundahlutum.
- Taktu brosandí á móti þátttakendum við borðið þitt og aðstoðaðu sem best þú getur.
- Taktu ekki afstöðu með einstökum þátttakendum og sýndu almenna jákvæðni.
- Láttu þátttakendur finna fyrir því að þér sé annt um þá og að sjónarmið þeirra í samræðu séu móttekin.
- Við erum að leita að fjölda hugmynda. Allar hugmyndir eru velkomnar!

Samtöl og flæði við borðið.

- Hefjið hvern hluta fundarins á því að allir stilla af væntingar með því að ræða um **inntak** verkefnisins, **verklag**, tímasetningar og afurð og gefa þátttakendum kost á að **tjá** sig og **spyrja** eftir því sem þörf er á.
- Forðastu neikvæða gagnrýni á hugmyndir og farðu varlega í að leggja dóm á þær – allar hugmyndir hafa sitt vægi í ferlinu.
- Markmið er að kalla fram margar og fjölbreytilegar hugmyndir.
- Leggðu áherslu á að allir hafi frelsi til að koma með sínar skoðanir.
- Það má endurskrifa miða og laga til, jafnvel brjóta upp miða sem fjalla um ólíka þætti á sama miða.
- Sjáðu til að þátttakendur skrifi aðeins eina hugmynd eða útfærslu á hvern miða fyrir sig. Passa að nota ekki 'og' til að brjóta hugmynd upp í fleiri en einn þátt.

Viðmið við flokkun hugmynda

- Þú flokkar, hinir hugsa! - Notið tímann við flokkunina á meðan borðið er að hugsa næstu hugmyndir eða ræða nánar málín.
- Hugaðu að því að vera með gott vinnusvæði við flokkun miðanna.
- Taktu reglulega til á borðinu til að skapa rými.
- Hugaðu að því hvort brjóta megi upp ólíkar hugmyndir í fleiri flokka.

Atkvæðagreiðslur

- Gott getur verið fyrir þátttakendur að meta fyrst með sjálfu sér hvernig hver og einn skipta atkvæðagreiðslu til að verða ekki fyrir áhrifum af atkvæðum annarra.
- Atkvæði gefa leiðarljós. Ef ekki er full sátt með einhvern miðanna má skipta út fyrir annan sem hefur fengið góða kosningu.
- Ef atkvæði eru jöfn má taka þær tillögur sem jafnar eru og biðja um handauppréttingu.
- Þessa atkvæðagreiðslu má einnig nota til að meta ávinning eða flækjustig í 6. hluta.

Dagskrá / Verkpættir og tímaáætlun

Kynning og væntingar. Frá kl. 10:30 – 10:45.....	4
1. hluti: 45 mín. Gildin sem leiðar okkur inn í framtíðina. Kl. 10:45 – 11:30	5
2. hluti: 1:10 mín. Hugmyndir tengdar framtíðaráskorunum. Kl. 11:30 – 12:45	6
3. hluti: 10 mín. Flokkun í meginflokka. Kl. 12:45 – 13:00.....	7
Matarhlé. 45 mín. Kl. 13:00 – 13:45	7
4. hluti: 15 mín. Borðskipti og flokkun. Kl. 13:45 – 14:00	8
5. hluti: 20 mín. Sérhæfing og dýpkun. Kl. 14:00 – 14:20	8
6. hluti: 30 mín. Áætlun eftir ávinning vs. flækjustig. Kl. 14:20 – 14:50.....	9
7. hluti: 20 mín. Aðgerðir og rök á helstu markmið. Kl. 14:50 – 15:25.....	9
8. hluti: Frágangur bunka og samantekt á niðurstöðum 15:25-16:00	10
Fundarlok 16:00	10

Kynning og væntingar. Frá kl. 10:30 – 10:45.

1. Láttu alla borðfélaga segja til nafns – hvaðan þeir eru og eitt áhugamál. Biddu þá um að segja örfá orð um væntingar sínar til fundarins.
2. Ræddu væntingar við þá og útskýrðu markmið fundarins sem er að ræða áskoranir framtíðarinnar og miklvægustu þætti starfi stéttarinnar.
3. Ræddu vinnureglur við þátttakendur og mikilvægi þess að nota hugarflugið sem mest.
4. Sammælstu við þátttakendur um að enginn tali of langt í einu.
5. Spurðu hvort einhver þurfi á einhverja sérstaka aðstoð (skrift, lesblinda, hreyfivandamá ofl.) – fáðu aðstoð frá fundarstjórnendum ef þörf krefur.
6. Leggðu áherslu á að allir taki þátt allan fundartímann og láti þig vita ef það breytist.
7. Biddu þátttakendur að nota alltaf HÁSTAFI á alla miða.
8. Ræddu við þátttakendur um að þeir geti óhræddir sett fram skoðanir sínar og leggið áherslu á að allir sýni hver öðrum kurteis og virðingu.
9. Láttu þá kynna hvað þeim finnst það besta við fyrirtækið. Allt má flakka. Farið eins marga hringi og tími býður uppá.
 - Óþarfi að skrifa neitt niður, þar sem þetta er bara upphitun á meðan tími gefst til.

Spurt er: “Hvað finnst þér best við fyrirtækið?”

SKRIFUM Í HÁSTÖFUM

MARGAR... MARGAR...
MARGAR HUGMYNDIR

JÁKVÆÐNI

SJÁ TIL ÞESS AÐ
ENGINN TALI LENGI
Í EINU

FORÐIST NEIKVÆÐNI

„JÁ, OG ...“ Í STAÐ „JÁ, EN ...“

ALLAR HUGMYNDIR Hafa SITT VÆGI

SKEMMTILEGT

FRELSI

MARKMIÐIÐ ER MARGAR OG FJÖLBREYTTILEGAR HUGMYNDIR!




1. hluti: 45 mín. Gildin sem leiðar okkur inn í framtíðina. Kl. 10:45 – 11:30

10. „Hvaða gildi eða hugsjónir vilt þú að séu ráðandi hjá fyrirtækinu í framtíðinni?”
11. Lóðs útdeilir bláum miðum.
12. Lóðs gefur þátttakendum c.a. 5 mínútur til að hugsa og skrifa gildi sín, 2-6 gildi samtals.
 - Eitt eitt orð á hvern miða.
13. Hver þátttakandi, einn í senn, velur eitt gilda sinna, les upp, útskýrir og leggur á mitt borðið - lóðs flokkar.
14. Þátttakendum gefst tækifæri til að ræða stuttlega um meiningu og innihald.
15. Gildin á borðinu eru rædd. Raðið saman sambærilegum hugmyndum til að auðvelda yfirsýn.
16. Þátttakendum er frjálst að standa þar sem best hentar að komast að miðum.
17. Þulur tilkynnir að nú séu 10 mínútur eftir og að nú verði farið í atkvæðagreiðslu.
18. Lóðs biður þátttakendur að velja í huganum 3 gildi, þannig að allir eiga nú að hugsa sig um í eina mínútu áður en byrjað er að kjósa um gildin.
19. Lóðs biður nú þátttakendur að strika við hvert kosið gildi. Eitt strik á hvert gildi.
20. Ef atkvæðagreiðsla er jöfn eru atkvæði valin með handauppréttingu.
21. Lóðs tekur saman þau 5 gildi sem fengu flest atkvæði og skilar til fundarstjóra.
 - Þetta mun skila af sér 3 til 5 ráðandi gildum eða hugsjónum fyrir fundinn.
22. Þegar gildavinnu er lokið er borðið hreinsað til að undirbúa næsta hluta fundarins um framtíðarsýn.

2. hluti: 1:10 mín. Hugmyndir tengdar framtíðaráskorunum. Kl. 11:30 – 12:45

23. Lóðs endurtekur spurningu fundarstjóra:
 - „Hvað telur þú að sé mikilvægast að hafa í huga varðandi þróun starfseminnar næstu árin?“
 - „Hver er þín framtíðarsýn fyrir fyrirtækið?“
24. Lóðs útdeilir nóg af gulum miðum.
25. Þegar niðurstaða frá gildum verður tilbúin þá leggur lóðs ráðandi gildi á borðið.
 - Lóðs ræðir stuttlega hvert gildi fyrir sig og sammælis með þátttakendum um merkingu þeirra. Gildin gefa leiðarljós fyrir nýjar hugmyndir, en allar auðvitað velkomnar.
26. Lóðs segir: „Hugmynd að markmiði er skrifuð á gulan miða. Reynið að skrifa nokkrar niður en ávalt aðeins eina hugmynd á hvern miða.“
27. Lóðs gefur þátttakendum 10 mín. til að hugsa og skrifa hugmyndir sem lýsa sýn þeirra á megináherslur. Stuttar hugmyndir á hvern miða.
28. Allt er undir og skiptir ekki máli hvaða þátt hugmyndin snertir. Þátttakendum er frjálst að fjalla um alla þætti sem snerta málið.
29. Að þessum tíma loknum, velur hver þátttakandi, einn í senn, einhverja eina hugmynda sinna, les upp og útskýrir með jákvæðum rökum. Þátttakendur sammælast um flokkun þannig að hugmyndin rati á réttan stað.
 - Þátttakendur taka mið af gildunum í upphafi og hugmyndir raðaðar niður á gildin þegar við á.
30. Eftir um 2 hringi byrjar lóðs flokkun og tekur gildin frá miðju borði og setur til hliðar.
31. Lóðs flokkar jafnóðum með þátttakendum og notar appelsínugula miða fyrir heiti flokka
32. Fundarstjórn mun leggja fram fleiri spurningar fyrir fundinn um mismunandi þætti starfseminnar sem lóðs munu varpa áfram fram á borðið.
33. Farið hring eftir hring eða allt þangað til hugmyndir eru hættar að koma eða þulur segir að það séu aðeins 5 mín eftir. – Þá er farinn einn lokahringur.
34. Endurskrifa má miða.



3. hluti: 10 mín. Flokkun í meginflokk. Kl. 12:45 – 13:00

35. Lóðs leggja upp yfirflokk með bláum miðum. Allir flokka saman inntak af borðinu undir þá flokka sem eru mest viðeigandi.
36. Lóðs hjálpar þátttakendum í að raða upp flokkunum. Margir flokkar myndast og mikilvægt er að þeir endurspegli sem mest lýsandi yfirskrift af því sem flokkurinn inniheldur. Mikilvægt er að brjóta upp flokka í fleiri flokka ef um ólík mál er um að ræða.
37. Þátttakendur sammælast um að flokkunin sé góð og ljúka henni með því að sammælast um skýrt heiti á hverjum flokki.

Kosning og setningarsmið um framtíðarsýn.

38. Nú kjósa þátttakendur um það mál sem hverjum og einum finnst mikilvægast.
 - Hver og einn merkir við 5 hugmyndir með striki í hornið.
39. Skrifðu nú upp sterka setningu um framtíðarsýn (**e: Mission Statement**) setningu á hvítt blað, byggðu á því hráefni sem fékk besta kosningu sem endurspeglar spennandi framtíðarsýn.

Frágangur á borði.

40. Lóðs gengur frá borðinu með því að setja teygju utan um hvern flokk fyrir sig.
41. Lóðs undirbýr þátttakendur undir að skipta um borð á meðan farið er í mat. Fundarstjórar kynna á hvaða borði hver málaflokkur er staðsettur.
42. Þátttakendur fara frá borðum þegar þeir eru ánægðir með uppröð og flokkunina sínu boði fyrir viðkomandi málaflokk.
43. Lóðs fer með alla bunka frá borðinu yfir á flokkunarborð hjá fundarstjórn.
44. Lóðs hreinsar borð sitt til að borðið sé tilbúið að taka á móti nýjum hópi eftir mat sem tilheyrir heiti borðsins.

Matarhlé. 45 mín. Kl. 13:00 – 13:45

45. Þátttakendur nýta sér hugmyndir sem komið hafa í þeirra málaflokk sem innblástur fyrir frekara hugmyndaauði þegar farið er í mat!

4. hluti: 15 mín. Borðskipti og flokkun. Kl. 13:45 – 14:00


46. Nú munu þátttakendur með tiltekna málaflokka hittast til þess að takast á við næsta verkefni.
47. Lóðs tekur á móti nýju fólki, allir kynnast. Unnið með málaflokkinn, drög lögð að markmiðum.
48. Lóðs úthlutar gulum miðum jafnt niður á alla þátttakendur.
49. Lóðs fer yfir inntak verkefnisins, verklag, tímasetningar og afurðir, svarar spurningum og opnar fyrir stutta umræðu ef þörf er á að stilla af væntingar.
50. Hver þátttakandi, einn í senn, velur einn af gulu miðunum sínum, les upp, útskýrir og leggur á borðið.
51. Lóðs flokkar með því að safna líkum hugmyndum saman.
52. Þátttakendur fara yfir miðana sem þeir komu með frá borði sínu og hópurinn flokkar þá í sameiningu.
53. Lóðs raðar saman þeim miðum sem þátttakendur eru sammála um að eigi saman.

5. hluti: 20 mín. Sérhæfing og dýpkun. Kl. 14:00 – 14:20

54. Lóðs spyr: "Hvaða hugmyndir höfum við til þess að bæta eða dýpka málaflokkinn?"
55. Farið er hugarflugs hring eftir hring. Lóðs hvetur fólk til að hugsa út fyrir kassann og draga fram hugmyndir sem gætu haft jákvæð áhrif fyrir Neyðarlínuna.
56. Farið er hugarflugshringi allt þangað til hugmyndir eru hættar að koma eða þulur segir að það séu aðeins 5 mín eftir - þá er farinn einn loka hringur.
57. Lóðs gefur þá kost á einum lokahring til að koma að mikilvægri tillögu.
58. Þátttakendur ákveða sameiginlega stutt heiti (1-3 orð) hvers yfirflokks (appelsínugulir miðar) sem myndast við þessa vinnslu.
 - Gefið heitunum lýsandi heiti á væntingum eða markmið án þess að lýsa endilega útfærslu.
 - Það geta komið allmargir flokkar sem eru einskonar verkefnaflokkar undir viðkomandi málaflokki
 - Lóðs gerir atlögu að lýsingu hvers flokks og ritar það á appelsínugulu spjöldin
 - Þessari lýsingu má svo breyta þegar betri lýsandi hugmyndir koma fram.
59. Kosning fer nú fram á mikilvægasta inntakið af mati þátttakenda.
 - Hver og einn merkir við 5 hugmyndir með plús + striki í hornið.


6. hluti: 30 mín. Áætlun eftir ávinning vs. flækjustig. Kl. 14:20 – 14:50

60. Lóðs leggur á borðið tvo ása. “Ávinningur” á lóðréttann (Y) ásinn og “Flækjustig” á láréttann (X).
 - Byrjað er að ræða um það sem fékk besta kosningu. (flesta plúsa)
61. Þátttakendur raða í sameiningu hugmyndum á ásinn á borðinu til endurspegla heildaráætlun.
62. Lóðs aðstoðar þátttakendur í að brjóta upp hugmyndabunkann í fleiri verkefni ef ávinningur eða flækjustig er breytilegt.
63. Þátttakendur ljúka uppröðun með samkomulagi borðsins.



7. hluti: 20 mín. Aðgerðir og rök á helstu markmið. Kl. 14:50 – 15:25

64. Þátttakendur ræða og sammælast um aðgerðir fyrir mikilvægustu málin.
65. Aðgerðir eru skrifaðar á græn spjöld.
 - Heiti á aðgerð er ritað á aðra hliðina
 - Aðgerðin er þar næst rökstudd á hina hliðina
66. Lóðs sér til þess að aðgerðir hafa verið raðaðar ofan á öll helstu verkefni.
 - Þessar aðgerðir eru megin afurð fundarins og mjög mikilvægt að þær séu ýtarlegar og ná yfir helstu hugmyndafræði borðsins.



[framhlið: heiti á aðgerð]

[bakhlið: rök]

STUTT HEITI Á AÐGERÐ EDA VERKEFNI

SKRIFIÐ SKÝRT Í HÁSTÖFUM. VERIÐ EINS HNITMIÐUÐ OG HÆGT ER. MIÐIÐ VIÐ 10 ORD.

ÁVINNINGUR (0-100) FLÆKJUSTIG (0-100)

RÖK FYRIR AÐGERÐ EDA VERKEFNI


SKRIFIÐ EINA HUGMYND Á HVERT KORT OG ÚTSKÝRIÐ HVAD ÞYKIR SNJALLAST.

SKRIFIÐ SKÝRT Í HÁSTÖFUM. VERIÐ MÁLEFNALEG OG EINS HNITMIÐUÐ OG HÆGT ER.

8. hluti: Frágangur bunka og samantekt á niðurstöðum 15:25-16:00

Frágangur miða:

67. Lóðs merkir græn spjöld með viðeigandi Ávinning/VALUE og Flækjustigi/EFFORT miðað við skala frá 0 til 100.
68. Lóðs setur næst teygju utan um alla bunka sem mun innihalda grænt spjal með fyrirsagnarspjaldi og gulum hugmyndum - hvern fyrir sig.
69. Allir bunkar eru teknir saman og settir í umslag merktu borðinu og þess málaflokks sem borðið var að vinna að.
 - Umslagi er skilað til fundarstjórnar



Kynningar frá borðum:

70. Þulur talar: Nú mun fara fram stuttar kynningar á hverjum málaflokki. Eins og gefur að skilja er hér aðeins tæpt á þeim forgangsmálum sem skilgreind voru, en í framhaldinu verða öll gögn skráð og flokkuð þannig að fáiast heildaryfirsýn yfir afrakstur umræðunnar.
71. Kynningar fara fram.

Fundarlok 16:00

72. Þátttakendur ganga frá eftir sig í sal og lóðs þakka fyrir sig.